Ísafjarðarbær
Helga Þuríður Magnúsdóttir
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

11.03.2025

STEKKJALÆKSBAKKAR - Hóll í firði

Svar við umsögn Umhverfisstofnunar dags. 16.08.2024

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að innan skilgreinds helgunarsvæðis vatnsbólsins sé votlendi sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Þar er kveðið á um vernd vistkerfa og jarðminja sem talin eru upp í 1. og 2. mgr. ákvæðisins.

Við skilgreiningu helgunarsvæðis vatnsbólsins í deiliskipulagsuppdrætti var kort Náttúrustofnunar um sérstaka vernd náttúrufyrirbæra (https://serstokvernd.ni.is/) haft til hliðsjónar, og var markmiðið að tryggja að vatnsbólið væri staðsett utan verndarsvæðis. Höfundar deiliskipulagsins telja að helgunarsvæðið sé utan við votlendið sem nýtur sérstakrar verndar og vísa til meðfylgjandi skýringarmynda sem rökstuðnings..

Af eðlilegum ástæðum eru vatnsból staðsett á svæðum þar sem væta er til staðar. Í ljósi nálægðar við verndarsvæði votlendis verður skerpt á því í greinargerð deiliskipulagsins að öllu óþörfu jarðraski verði forðast og allur frágangur unninn með sérstaklega vönduðum hætti.



Mynd 1 af vefnum https://serstokvernd.n-i.is/. Sýnir botn Önundarfjarðar

Mynd 2 - Skipulagssvæði merkt inn á kort NSÍ um verndarsvæði



Mynd 3 - Hér er búið að leggja saman loftmynd frá map.is og verndarkort af https://serstokvernd.ni.is/ og hluta af uppdrætti deiliskipulagsins – hér sést að þessi svæði skarast ekki.